22.12. 2022


Til Skipulagsdeildar Kópavogsbæjar

Hér með sendum við formlegt ósk um að erindi okkar til Kópavogsbæjar um byggingu aukahúss á landi okkar, Gilsbakka, 203 Kópavogi sbr. afgreiðslu bæjarráðs (þann 27. september 2022)) svo og samskipta okkar við fulltrúa bæjarins í viðeigandi deildum Umhverfissviðs.

Við vísum til greinargerðar í erindi okkar sem fylgir afgreiðslu Skipulagsráðs og Minnisblað Skipulagsdeildar dags. 15. september 2022.
https://www.kopavogur.is/is/stjornsysla/fundargerdir/skipulagsrad/3410

Stærð eignarlandsins Gilsbakka er 3.000 m2 í þjóðskrá og í afsölum. Mæld stærð innan girðingar er 2625.4 m2.

Nú er á landinu einbýlishús sem byggt var í þremur hlutum á yfir 50 árum, alls 175,7 m2. Hluti þess er niðurgrafinn kjallari, 20,1 m2 þannig að flatarmál án kjallara er 155,6 m2. Auk þess er á landsvæðinu gamall skúr, ca 15 m2 sbr. eftirfarandi mynd af kortaveg.



Hugmynd okkar er að skúrinn verði rifinn og óræktarsvæði næst reiðstíg/götunni verði hreinsað burtu. Þar kjósum við að setja upp aukahús og staðsetja þar til að hlífa hinni gömlu skógrækt sbr. myndina.

Stærð aukahúss er skv. meðfylgjandi teikningu 106,9 m2 og rúmar góða gestaíbúð/fjölskylduíbúð og tvö vinnuherbergi. Breytingin frá upphaflegri umsókn okkar er að hætta við bílskúr í ljósi þess hvað rúmaðist innan þeirra m2 sem við vorum upphaflega með í huga, þ.e. 85-100 m2. Þar sem hér búa fleiri kynslóðir saman, töldum við mikilvægt að aukahúsið væri sveigjanlegt í notkun til framtíðar.

Í meðfylgjandi teikningu er búið að bregðast við ábendingum í fyrrgreindu minnisblaði Skipulagsdeildar og færa bílastæði inn á lóðina og færa húsið innar á lóðina (1 metra frá landamerkjum við götu en 4,5 metra frá reiðvegi til að vernda gamla röð hávaxinna grenitrjáa.

Bestu kveður, Margrét Pála Ólafsdóttir og Lilja Sigurðardóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026